

3. Grafnings hreppur.
4. Þingvalla hreppur.
5. Búrfells- og Klausturhóla sóknir í Grímsnesi með suðurhluta Mosfells sóknar.
6. Miðdallasókn og hinn hluti Mosfells sóknar.
7. Bræðratungu- og Haukadals sóknir í Biskupstungum.
8. Úthlíðar- og Torfastaða sóknir og Skálholts sókn ofan Hvítár.
9. Hrunamanna hreppur; er ráðgjört, að þessu hjerði þurfi sem fyrst að skipta í tvö hjeruð.
10. Gnúpverja hreppur.
11. Skeiða hreppur og Skálholts sókn sunnan Hvítár.
12. Hraungerðis hreppur.
13. Villingaholts hreppur.
14. Gaulverjabæjar sókn.
15. Stokkseyrar- og Kaldaðarnes sóknir.

Yfirsetukonur þær, sem óska að verða skipaðar í ofangreind yfirsetukvennahjeruð, eiga að senda bónarbrjef sín þar um sem allra fyrst til hlutadeigandi sýslunefndar.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 3. dag júlímán. 1877.

Bergur Thorberg.

Auglýsing

um yfirsetukvennahjeruð í vesturamntinu.

Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í yfirsetukvennalögum 17. desember 1875, 1. gr., hefir amtsráðið í vesturamntinu ákveðið, að þessi yfirsetukvennahjeruð skuli vera í hverri sýslu í amntinu.

I. Í Mýrasýslu.

1. Hraunhreppur.
2. Álptanes hreppur.
3. Borgarhreppur og bæirnir í Stafholtstungum fyrir ofan Norðurá.
4. Stafholtstungnahreppur að Norðurá eður fyrir sunnan Norðurá, og Hvítársíðuhreppur.
5. Norðurárdalshreppur og Þverárhlíðarhreppur.

II. Í Dalasýslu.

1. Suðurdalaping.
2. Hjarðarholts, Ásgarðs og Hvamms sóknir.
3. Staðarfells sókn og Dagverðarnes sókn.
4. Skarðs sókn, Staðarhóls sókn og Hvals sókn.

III. Í Strandasýslu:

1. Bæjarhreppur og Broddaneshreppur allt að Bitruhálsi.
2. Broddaneshreppur frá Bitruhálsi, Kirkjubólshreppur og Hrófbergshreppur.
3. Kaldrananeshreppur.
4. Árneshreppur.

IV. Í Barðastrandarsýslu.

1. Geiradalshreppur og Reykhólahreppur.

- 99
3. júl.
2. Gufudalshreppur og Múlahreppur, að undanskildu Múlanesi og Litlanesi.
 3. Barðastrandarhreppur, og Múlanes og Litlanes í Múlahreppi.
 4. Flateyjarhreppur.
 5. Rauðasandshreppur sunnanmegin Patreksfjarðar.
 6. Tálknafjarðarhreppur og Rauðasandshreppur norðanmegin Patreksfjarðar.
 7. Dalahreppur og Suðurfjarðahreppur.

V. Í *Ísafjardarsýslu*.

1. Auðkúluhreppur.
2. Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur (Dýrafjörður).
3. Mosvallahreppur (Holtsprestakall og Sæbólssókn).
4. Staðarprestakall í Súgandafirði.
5. Hólshreppur.
6. Eyrarhreppur.
7. Eyrarsókn í Seyðisfirði, a: Álptafjörður, Seyðisfjörður, Hestfjörður, og af Ögursókn Skötufjörður með Vigur, allt að Ögurnesi.
8. Reykjarfjarðarhreppur og Ögursókn út að Ögurnesi.
9. Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur.
10. Grunnavíkurhreppur.
11. Sljettuhreppur.

VI. *Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla*.

1. Skógarstrandarhreppur.
2. Helgafellssveit.
3. Eyrarsveit.
4. Neshreppur innri.
5. Neshreppur ytri.
6. Breiðuvíkurhreppur.
7. Staðarsveit og Miklaholtshreppur að Straumfjarðará.
8. Miklaholtshreppur fyrir innan Straumfjarðará, og Eyjahreppur.
9. Kolbeinsstaðahreppur.

Yfirsetukonur þær, sem óska að verða skipaðar í ofan nefnd yfirsetukvannahjeruð, eiga að senda bókunbrjef sín þar um sem allrafyrst til hlutaðeigandi sýslunefnda.

Íslands vesturamt, Reykjavík, 3. dag júlím. 1877.

Bergur Thorberg.

100
4. júl. — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um prentunarkostnað skólaskýrslu.* — Vegna þess, að eytt hefir verið á árinu 1876 meiru fje til hins lærða skóla heldur en áætlað hafði verið, þar á meðal sjerstaklega 581 kr. 22 a. umfram það, sem veitt var með 13. gr. B II c 8 í fjárlögunum, og er í því fje fölginn kostnaðurinn til þess að prenta í skólaskýrslunni «Supplement til Íslandske Ordbøger», hefir ráðgjafinn fyrir Ísland í brjefi frá 24. maí þ. á. lagt fyrir mig að tjá stiptyfirvöldunum, að sneiða verður hjá hverjum þeim kostnaði, sem eigi er með öllu ómissandi, þá er svo stendur á, að eigi er til nægilegt fje í útgjaldagrein þeirri, er við á.

Þetta er hjér með tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni.